

Hafnarfirði, 9. október 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Takk fyrir góða viku í fjarkennslu. Hér koma nokkur mikilvæg atriði til að hafa í huga í lok viku:

Kennt verður með sama hætti og í vikunni sem nú er að líða, þ.e. allt nám í **fjarkennslu**, nema á starfsbraut og í bæjarbrú, allt til þriðjudagsins **20. október**. Þá tekur við **úrvinnsludagur – miðvikudagurinn 21. október**. Dagur þar sem engin kennsla fer fram heldur nýtum við tímann til að klára þau verkefni sem út af standa og hlöðum batteríin.

**Vetrarfríið** er dagana **22. og 23. október** og vona ég að það nýtist okkur öllum til hvíldar og endurnæringar. Þannig getum við best haldið áfram að takast á við námið, hvort sem það verður með fjarkennslu eða blöndu af stað- og fjarkennslu.

**Miðannarmat** má sjá í INNU frá og með deginum í **dag, 9. október**. Þið finnið það í dálk sem heitir NÁMIÐ, farið inn í **einkunnir** og smellið á **miðannarmat** þar sem sjá má yfirlit yfir alla áfanga og mat á stöðunni.

Búið er að setja **leiðbeiningar fyrir nemendur** um uppsetningu skjala í Word inn á heimasíðu skólans, sjá <http://www.flensborg.is/thjonusta/tolvuthjonusta/>. Ég hvet ykkur til að nýta ykkur þessar leiðbeiningar í verkefna- og ritgerðarvinnu ykkar.

Svo virðist sem COVID-19 smitið sem kom upp í skólanum í síðustu viku **hafi ekki náð að dreifa sér**. Ég hef í það minnsta ekki fengið neinar tilkynningar um slíkt. Vonandi skila aðgerðir stjórnvalda tilætluðum árangri á næstu vikum. Þá getum við endurmetið stöðuna. Fjarkennslan gekk vel á síðustu önn og við verðum að vera bjartsýn á að svo verði einnig nú.

Gangi ykkur öllum vel!

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400